

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 204/2018

2021/EES/15/32

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/269 frá 16. febrúar 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar skrána yfir virk efni ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 24d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32017 R 0269:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/269 frá 16. febrúar 2017 (Stjtið. ESB L 40, 17.2.2017, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/269, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 40, 17.2. 2017, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.